

Reykjavík, 12. mars 2012

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Þóra M. Hjaltested

608. mál

Frekari takmarkanir á heimildum slitastjórnanna til að greiða út – eru þær í andstöðu við samninga milli gömlu og nýju bankanna?

Brottfall undanþágu með hlidsjón af ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga sem eiga við um greiðslu krafna úr þrotabúum.

Vísa til samtals fyrr í dag.

Í samningum þeim sem gerðir voru á árinu 2009 á milli skilanefnda fyrir hönd búa föllnu bankanna annars vegar og nýju bankanna og íslenska ríkisins er að finna ákvæði um uppgjör vegna þeirra eigna sem fluttar voru yfir í nýju bankana.

Jafnframt er þar tekið á fjármögnun nýju bankanna og réttindum og skyldum hluthafa sökum þess að eignarhald á nýju bönkunum er skipt á milli ríkisins og hinna föllnu banka.

Í umræddum samningum er ekki fjallað um skipti á búum gömlu bankanna eða greiðslur til kröfuhafa þeirra og tók ríkið ekki á sig sérstakar skyldur vegna þess. Ákveðin undantekning er þó að í samningi um útgáfu skuldabréfa í Landsbankanum er í 11. gr. kveðið á um að gamli Landsbankinn geti skipt stóru uppgjörsskuldabréfunum í svokölluð „Eurobond“ sem eftir atvikum verði gefin út beint til kröfuhafa gamla Landsbankans (og þá sem hluti að framkvæmd búskipta eða nauðasamnings). Gert var ráð fyrir því að slíkt bréf mætti skrá í kauphöll í London, Luxembourg eða Dublin, og víðar. Mér vitanlega hefur ekki verið óskað eftir útgáfu slíkra bréfa, en gamla bankanum var heimilt að óska eftir því frá og með 1. júní 2010.

Íslenska ríkið hefur ekki skuldbindingu samkvæmt síðastgreindu ákvæði, það er nýi Landsbankinn sem tók hana á sig og ætti hugsanlega í erfiðleikum með að efna hana ef til kæmi. Væntanlega er það þó ekki stórt áhyggjuefni og gefst rúmur tími til að bregðast við þeim aðstæðum.

Að því er varðar hitt álitaefnið um gjaldþrotaskiptalögin má segja að lög um gjaldeyrishöft fela í sér almenna takmörkun sem gildir um alla þá sem eiga kröfur eða vilja eiga viðskipti við innlenda aðila. Segja má að til þessa hafi kröfuhafar hinna gömlu banka verið í betri stöðu en aðrir í sambærilegri stöðu og því ekki verið að meðhöndla þá verr en þá.

Greiðslur úr þrotabúunum til innlendra aðila (sbr. skilgreiningu í 1. gr. laga um gjaldeyrismál) myndu væntanlega ekki falla undir lög um gjaldeyrismál. Það skapast því nokkuð sérstök staða þar sem þrotabúin myndu greiða krónur og erlendar myntir til innlendra aðila en ekki þeirra erlendu, jafnvel þótt þeir ættu reikninga á Íslandi og væru inni í gjaldeyrishöftum. Gengið er útfrá því að réttlætingu á því fyrirkomulagi megi styðja með rökum og gögnum.

Það verður vart séð að það kalli á sérstaka og tafarlausa breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti að undanþága þrotabúanna verði felld úr gildi. Búin eða kröfuhafar munu væntanlega sækja um undanþágu til að greiða út þegar að því kemur. Ef slíkar undanþágur fást ekki yrði óheimilt að greiða til kröfuhafans þar til hömlum yrði aflétt. Væntanlega gefst góður tími til að meta hvort og hvernig þurfi að bregðast við því ástandi.

Virðingarfyllst,
Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.